

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

#### I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.25 hvert kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 13.65 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 5.25 á ári af hverjum fermetra.

##### B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 80 aura hver kwst. Auk fastagjalds kr. 10.50 á mánuði af einu herbergi hverrar íbúðar og kr. 6.50 af hverju herbergi umfram eitt. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

##### C. Vélantökn o. fl.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.70 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 325.00 á hvert uppsett kw vélanna.  
Eftir þessum gjaldskrárlið skal selja raforku um kwst.mæli til götu- og hafnarlýsingar. Einnig má eftir þessum gjaldskrárlið selja raforku til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 20 kw um kwst.mæli á 70 aura hver kwst.
  - a. Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að tveim stundum um hádegis og einni stund síðdegis.
  - b. Að notandi setji upp segulrofa og klukku fyrir vélarnar og kosti viðhald þeirra.
3. Um afl og orkumæli þannig:
  - a. Grunnjald kr. 600.00 á ári.
  - b. Aflgjald af notuðu afli kr. 800.00 á kw.ári.
  - c. Orkugjald 30 aura á kwst.  
Notað afl telst vera mesta meðalalag á árinu mælt fyrir stundarfjórðung. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, skal aflgjaldið vera kr. 600.00 á ári á hvert kw. mesta ástimplaðs afls á árinu.  
Mælisleiga er innifalin í grunnjaldinu.

##### D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á 45 aura hvert kwst., enda sé þá minnsta ársnotkun 6000 kwst. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á sólarhring, en þó mest 1½ stund í senn.
2. Um kwst.mæli á 15 aura hver kwst., ef straumur er rofinn kl. 8 til 23.
3. Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar:
  - a. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.

b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. **120**

Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra, og kostar þá notandi tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla. **4. sept.**

c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni .....	kr. 3.00 á mánuði.
2. — þrífasa — 50 — — — .....	— 4.50 — —
3. — — — 50 til 200 amp. ....	— 10.50 — —
4. — — — yfir 200 amp. ....	— 15.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD

Grunngjald heimtaugar fyrir hverja húsveitu skal vera krónur 1500.00 fyrir jarðlínu, en kr. 1000.00 fyrir loftlínu. Auk þess skal greiða 10% (tíu af þúsundi) af brunabótamati hússins upp að kr. 500000.00 en 5% af þeim hluta brunabótaverðs, sem er yfir kr. 500000.00.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati, og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og uppsetningu heimtaugar er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest á eftirstöðvunum allt að 12 mánuðum.

Heimtaugargjaldið fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínutaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en  $3 \times 70$  qmm skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er.

Ef fleiri en ein heimtaug er að húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

## IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hefur komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 25.00.

2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 50.00 gjald til innheimtu veitunnar.

## HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

- 120** Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samþykkt, og er gerð  
4. sept. samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps nr. 56 19. apríl 1955.

*Atvinnumálaráðuneytið, 4. september 1958.*

**Hermann Jónasson.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

**121**  
19. sept.

## GJALDSKRÁ

fyrir hitaveitu Hveragerðis.

### I. Hitagjöld:

1. **Tvöfalt kerfi:**
  - a. Íbúðarhús, iðnaðarhúsnaði, skólar, samkomuhús, verzlanir og aðrar opinberar byggingar greiða kr. 25.00 fyrir m<sup>2</sup> gólfflatar á ári.
  - b. Gróðurhús og skúrar greiða kr. 18.00 fyrir m<sup>2</sup> gólfflatar á ári.
2. **Einfalt kerfi:**
  - a. Íbúðarhús, iðnaðarhúsnaði, skólar, samkomuhús, verzlanir og aðrar opinberar byggingar, greiða kr. 23.00 fyrir m<sup>2</sup> gólfflatar á ári.
  - b. Gróðurhús og skúrar greiða kr. 12—15 fyrir m<sup>2</sup> gólfflatar á ári.
3. Náttúrulækningahælið greiðir kr. 12.00 fyrir m<sup>2</sup> í gólffleti á ári.
4. Þeir, sem taka hita úr opnum hverum og leiða í húsnaði sín, greiða kr. 12.00 fyrir m<sup>2</sup> í gólffleti á ári.

Ofangreind gjöld miðast við að hitinn sé eingöngu notaður til venjulegrar upphitunar húsanna. Ef hitinn er notaður til annars, t. d. iðnaðar, ákveður hreppsnefnd í samráði við hitaveitunefnd, með sérstakri samþykkt, gjöld fyrir þann hita. Það sama varðar, ef gufa er seld.

### II. Heimæðagjöld:

Af gróðurhúsum greiðist kr. 6.00 fyrir m<sup>2</sup> í gólffleti og kr. 14.00 af öðrum byggingum en gróðurhúsum.

Lágmarks heimæðagjöld skulu vera kr. 1000.00. Fari lengd heimæða fram úr 50 metrum, kostar notandi sjálfur það, sem fram yfir er.

Gjöld þessi skulu greidd við tengingu húsanna.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*